

# Nettómótið 2011

Barna- og unglingaráð körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur í samvinnu við Nettó og Reykjanesbæ standa fyrir sínu árlega körfuboltamóti í Reykjanesbæ helgina **5. og 6. mars** 2011. Þetta er jafnframt **21.** mót félaganna.

Mótið er fyrir drengi og stúlkur í minnibolta fædd árið 1999 og síðar.

Leikið verður á 13 völlum, 2 x 12 mínútur hver leikur.

## Innifalið í mótsgjaldi:

- Bíóferð
  - Fyrir krakka 8 til 11 ára verður myndin **Yogi Bear** sem er ný gamanmynd.
  - Fyrir krakka 6 og 7 ára verður myndin **Space Chimps 2** sem er ný teiknimynd og hæfir vel þeim aldurshópi.
- Frítt verður í Vatnaveröld - Sundmiðstöð
- Hádegishressing á laugardag
- Kvöldmatur á laugardag
- Kvöldvaka og glaðningur
- Kvöldhressing á laugardagskvöld
- Gisting
- Morgunmatur á sunnudag
- Hádegismatur á sunnudag – Pizzuveisla frá Langbest
- Verðlaunapeningur
- Gjöf í mótslok
- Reykjaneshöllin verður opin alla helgina en þar verður boðið uppá margskonar afþreyingu t. d. hoppukastala, körfubolta, fótbolta, frisbee-gólf og margt fleira. Um er að ræða 7.840m<sup>2</sup> leiksvæði.
- Innileikjagarðurinn Ásbrú verður opin á laugardag frá kl. 14.30-17.30 en það er leiksvæði sem hentar sérstaklega vel fyrir yngstu kynslóðina, 2-8 ára.

## Mótsgjald:

- Félagsgjald kr. 10.000.-
- Gjald per. þátttakanda er kr. 5.000.-
- Frítt er fyrir 1 þjálfara og 1 aðstoðarmann á hvert lið

28 síðna bæklingur mótsins verður sendur félögum fyrir mótið. Í honum eru allar upplýsingar um mótið. Einnig er hægt að nálgast bæklinginn á heimasíðu mótsins; [www.nettomot.blog.is](http://www.nettomot.blog.is) undir liðnum Tenglar, sem er vinstra megin á þeirri síðu.

## Skráning:

Falur J. Harðarson

Netfang: [nettomot@gmail.com](mailto:nettomot@gmail.com)

Sími: 896-4468

**Athugið að síðasti skráningardagur er 25. febrúar, kl. 20:00**

